

348. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn þriðjudaginn 23. apríl 2024 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Júníana Björg Óttarsdóttir
Auður Kjartansdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bærstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn og gesti velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

1) Leikskólar Snæfellsbæjar.

Hermína Kr. Lárusdóttir, leikskólastjóri, og Linda Rut Svansdóttir, aðstoðarleikskólastjóri, mættu á fundinn og fóru yfir nokkur atriði sem bæjarráð frestaði frá fyrri fundi. M.a. var rætt hvernig verja ætti þeim peningum sem úthlutað var til leikskólans í framkvæmdaáætlun 2024. Mikil umræða varð um nýju viðbygginguna í Ólafsvík, sem verður vonandi komin í gagnið ekki seinna en mánaðarmótin ágúst-september. Farið var yfir starfsmannamál, sem eru í mjög góðum málum, og biðlista barna sem er nánast enginn.

Viku þær Hermína og Linda nú af fundi og var þeim þökkúð koman.

2) Fundarboð aðalfundar NýVest, sem haldinn verður 3. maí 2024.

Lagt fram til kynningar.

3) Fundarboð aðalfundar Landskerfis bókasafna, sem haldinn verður 7. maí 2024.

Lagt fram til kynningar.

4) Umsókn frá Auði Hilmarsdóttur, að fá að halda hundinn Freyju.

Umsóknin samþykkt samhljóða.

5) Bréf frá Óbyggðanefnd, dags. 10. apríl 2024, varðandi endurskoðun fjármála- og efnahagsráðherra á kröfum um þjóðlendar á svæði 12, eyjum og skerjum.

Lagt fram til kynningar.


6) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 22. apríl 2024, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Pegron ehf., um breytingu á leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili að Stóra Kambi í Breiðuvík, Snæfellsbæ.


Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Pegron ehf., um breytingu á leyfi til reksturs gistiheimilis í flokki II, minna gistiheimili, að Stóra Kambi í Breiðuvík, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og byggingarfulltrúi gefi jafnframt jákvæða umsögn.

7) Minnispointar bæjarstjóra.


- Bæjarstjóri sagði frá því að rennibrautin sé að verða tilbúin til notkunar. Það gæti líklegast orðið í byrjun maí.
- Bæjarstjóri sagði frá skýrslu sem verið er að vinna varðandi mögulega sameiningu slökkviliða Snæfellsbæjar og Grundarfjarðar.
- Bæjarstjóri sagði frá því að verið er að laga millipakið á Jaðri og búið er að koma í veg fyrir lekann.
- Bæjarstjóri sagði frá því að fornlegt kauptilboð hefði borist í Snæfellsás 3a. Bæjarráð samþykkti samhljóða framkomandi tilboð í Snæfellsbás 3a.
- Bæjarritari sagði frá því að bréf hefði borist frá Vestmanna í Færeyjum um mögulega heimsókn þeirra í Snæfellsbæ í september.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:35


Jónína Björg Ottarsdóttir


Auður Kjartansdóttir


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari